



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Suðurborg

Starfsáætlun

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	5
3 Ytra mat	12
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
6 Foreldrasamvinna.....	18
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
8 Fylgigögn.....	20
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	20
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	20
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós leikskólans: Ábyrgð-umhyggja-vinátta-öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Erfitt ár er að baki þar sem framkvæmdir og sameiningaráform tóku mikinn toll. Einnig var mikið af langtímaveikindum sem urðu til þess að leikskólastarfið gekk ekki sem skildi. Fjórir deildarstjórar af 7 voru í langtímaveikindum á vorönn sem og sérkennslustjóri. En með jákvæðu hugarfari og góðu starfsfólki teljum við okkur hafa staðið vörð um börnin sem eru jú miðpunktur starfsins í leikskólanum.

Eftir margra ára bið fengum við loksins bættu starfsmannaaðstöðu með glæsilegri viðbyggingu. Samstarfið við verktakana tókst vonum frammar og frá ágúst 2018 og út það ár unnum hlið við hlið í Suðurborg. Það var mikill vilji fyrir góðu samstarfi og virðing borin fyrir starfi hvorrar stofnunar/fyrirtækis fyrir sig. Starfsmenn framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar eiga hrós skilið fyrir gott samstarf og mikla aðstoð. Við í Suðurborg erum mjög þakklát fyrir viðbygginguna og bættu aðstöðu starfsmanna.

Það var svo um áramót 2018/2019 sem hugmyndir um að sameina leikskólana Suðurborg og Hólaborg kom upp á yfirborðið. Þetta var ferli sem tók marga mánuði og hafði mikil áhrif á leikskólastarfið í heild sinni. Mikil andstaða var meðal starfsmanna og foreldra sem skapaði mikið óöryggi í báðum hópum. Mikið var um fundi sem tóku sinn tíma á milli stjórnenda, starfsmanna og foreldra við SFS og leikskólaráð Reykjavíkurborgar. Í þessu ástandi sem stóð allt of lengi misstum við einn leikskólakennara en fjórir höfðu sagt upp störfum í þessu óvissuástandi. Sem betur fer drógu hinir þrír uppsögn sína til baka. Það var svo í ágúst síðastliðnum sem ráðning leikskólastjóra var kláruð án sameiningar og óvissuástandi lokið.

Eins og undanfarin ár verða áherslur leikskólastarfsins á að efla mál og læsi og PBS, Positive behavior supports eða stuðningur við jákvæða hegðun.

Verkefnið Læsi allra mál heldur áfram í Breiðholti en verkefnið er stýrt af Þjónustumiðstöð Breiðholts og tekur á máli og læsi leik- og grunnskólabarna. Þar er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og að efla mál og læsi meðal barnanna í hverfinu. Við í leikskólanum notum m.a. Lubbi finnur málbein sem okkar kennsluefni sem og orðaspjall.

PBS eða stuðningur við jákvæða hegðun er árangursrík leið til að styrkja og viðhalda jákvæðri hegðun barna. Stór hluti af því er að efla félagsfærni og því var ákveðið að taka þann þátt sérstaklega fyrir á næsta skólaári út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar. Annar hluti PBS var innleiddur árið 2010 og er því áhugi fyrir því að fara í gott endurmat á þessum hluta með það í huga að efla félagsfærni. Að



skoða þá styrkleika sem við höfum og finna tækifæri til umbóta. Upplýsingar um annan hluta PBS er hægt að finna á heimasíðu leikskólans. <http://sudurborg.is/leikskolinn/pbs/tilfinninga-og-felagsfaerni> Einnig er áætlað að fá kynningu á vináttuverkefninu frá Barnaheill um bangsann Blæ með það að markmiði að innleiða það á vorönn.

Leikskólinn mun auk þess halda áfram að taka þátt í hinum ýmsum verkefnum sem hafa verið til staðar undanfarin ár. Má þar nefna Heilsueflandi Breiðholt, Barnamenningarhátíð og samstarf við Tónskóla Sigursveins.

Við lítum björtum augum á framtíðina og teljum okkur vera komin á þann stað að við getum horft fram á við með gleði, áhuga og metnað að leiðaljósi. Þrír starfsmenn leikskólans eru í leikskólakennaranámi og einn í leikskólaliðanámi sem munu örugglega auðga okkar starf á komandi árum með nýjum stefnum og straumum í náminu. Auk þess eru spennandi tímar fram undan með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar.



2 Innra mat deilda

Mat á starfi leikskólans fer fram á reglulegum matsfundum yfir árið, deildastjórafundum og deildarfundum. Í lok skólaárs er síðan farið í heildstætt mat á ákveðnum þáttum leikskólastarfsins á skipulagsdegi starfsmanna. Matsfundir eiga að vera sex á ári, þrjár fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Yngri barna deildir funda sér og eldri barna deildir sér en á hverjum fundi situr einn fulltrúi frá hverri deild. Ekki náðist að halda reglulega matsfundi á vorönn vegna mannekleu í hóp stjórnenda og því var matið unnið að mestu á skipulagsdegi í lok skólaárs. Helstu áherslur eldri og yngri deilda voru metnar út frá aldri og þroska barnanna. Við matið var horft til starfsáætlunar og áherslur í starfi síðasta skólaárs. Styrkleikar greindir og horft var til tækifæra á umbótum.

Lagt var mat á mál og læsi, innihald og skipulag hópstarfs og frjálsa sköpun. Einnig var hlutverk starfsmanna skoðað í starfi með börnunum.

Niðurstöður:

Mál og læsi.

Starfsfólk leikskólans er sammála um að vel hafi tekist að innleiða kennslufnið um Lubba á öllum deildum leikskólans. Eldri barna deildir hafa haldið sínum ramma og sjá þar miklar framfarir hjá börnunum. Við samantekt á Hljóm 2 og Efi 2 í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts þá hafa börnin í Suðurborg farið mikið fram og þá sérstaklega tengt almennum málþroska og stafabekkingu. 85% barna var með góða færni í stafabekkingu, 80% barna með góða færni í málþroska og 75% barna með góða færni í hljóðkerfisvitund. Lubba verkefnið er greinilega að nýtast vel í starfi með börnunum sem og orðaspjall sem nýtt er á eldri deildum með góðum árangri. Leggja þarf áherslu á að efla hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans til þess að ná enn betri árangri.

Yngri barna deildir telja að það þurfi frekar að flétta Lubba verkefnið inn í samveru- og sögustundir en að leggja áherslu á það í hópstarfi. Að miða efnið út frá aldri og þroska barnanna og leggja það inn á einfaldan hátt, þ.e. að kenna ták/merki fyrir hvern staf/hljóð, hreyfingar og söng. Þau fara svo dýpra í Lubba þegar þau fara á eldri deild.

Innihald og skipulag hópstarfs

Mikilvægt er að halda hópastundum yfir veturinn og hafa verkefni við hæfi hvers aldurs fyrir sig. Eldri barna deildir leggja áherslu á Lubba, orðaspjall og Numicon auk þess sem reglulegt þema er tekið fyrir þar sem börn og starfsfólk kafa ofan í ákveðin verkefni eins og ævintýri, vísindi og dýr svo eitthvað sé nefnt. Einingakubbarnir er efni sem þarf að efla í hópstarfi og vinna með þá með það í huga að efla



þekkingu á formum og skilning á hugtökum tengd stærðfræði. Einnig mætti nota Numicon í vali og frjálsum leik þar sem börnin þekkja efniviðinn og vita hvað möguleika þau hafa til þess að vinna með hann út frá þeirra hugmyndaflugi. Mjög skemmtilegt kennsluefni.

Yngri barna deildir leggja áherslu á ýmis verkefni yfir veturinn og er ákveðið þema hvern mánuð. Lögð er áhersla á fin- og grófhreyfingar, efla þekkingu á formum, litum, líkama og dýrum og verkefni tengd Lubba. Mikilvægt er að efla matsfundi og sjá til þess að þeir haldist til þess að hægt sé að kasta hugmyndum á milli um það sem hefur gengið vel og það sem betur má fara. Það þarf að endurskoða hvernig er hægt að vinna betur með þau þemu sem voru sett í upphafi síðasta vetrar og vera með skýr markmið fyrir hvert og eitt þema.

Á næsta skólaári verður lögð meiri áhersla á könnunarleikinn en hann hefur dottið aðeins niður undanfarin ár. Einnig má leggja meiri áherslu á einingakubbana í hópstarfi á vorönn með elstu börnunum á yngri barna deildum. Kenna þeim að umgangast kubbana á réttan hátt og hugtökin á bakvið hvern kubb.

Hlutverk starfsmanna í starfi með börnunum

Eitt af markmiðum hópstarfsins er að kenna börnunum að vinna í hóp, efla samskipti og samvinnu. Það er því mikilvægt að við séum fyrirmyndir barnanna í hópstarfi. Við þurfum að vera virk í okkar starfi og kenna þeim og efla þau á öllum sviðum starfsins. Þegar við erum í hópstarfi á hver og einn starfsmaður að einbeita sér að sínum hóp. Leggja þarf áherslu á að allir starfsmenn fái undirbúningstíma til þess að undirbúa sitt hópstarf. Einnig er mikilvægt að starfsmenn hafi þekkingu á kennsluefni og efnivið sem er til staðar í leikskólanum og nýtt er í starfi með börnunum.

Frjáls sköpun

Mikilvægt er að frjáls sköpun sé til staðar í hópstarfi og jafnvel í frjálsa leiknum. Það er nauðsynlegt að taka þetta inn í hópstarfið en á síðast skólaári var ákveðinn leikskólakennari sem sá um sköpun á öllum deildum fyrir utan hópstarfið. Mikið er til af efnivið sem hefur safnast saman á undanförunum árum sem hægt er að nýta og leiðbeiningar frá viðkomandi leikskólakennara.

Eldri deildir hafa verið duglegri við að leyfa börnunum að nýta ýmsan efnivið í frjálsum leik en það mætti vera oftar, bæði í frjálsum leik og skipulögðum stundum. Mikilvægt að leyfa þeim að kynnst mismunandi efnivið og finna út hvernig þau geta þróað sig áfram á ýmsa vegu. Þau læra mikið á því að fá góðan tíma í að vinna sín sköpunarverk, læra þolinmæði ásamt því að þau eflast í fínhreyfingum.



Það var markvisst farið í að efla frjálsa sköpun á yngri barna deildum fyrir tveimur árum og hefur það gengið mjög vel. Ákveðinn leikskólakennari sá um starfið og var með litla hópa á hverri deild einu sinni í viku. Þar sem viðkomandi leikskólakennari er farin frá okkur þá er mikilvægt að starfsfólk deildanna nýti sér þá þekkingu sem viðkomandi leikskólakennari kom með inn í starfið og þann efnivið sem til er í leikskólanum í hópastarfi með börnunum. Hafa skipulagðar stundir einu sinni í viku.

Frjáls sköpun gekk mjög vel samkvæmt endurmati deilda og leikskólakennara sem sá um tímana með börnunum ásamt starfsfólki. Börnin fengu tíma til að rannasaka og skapa úr allskonar efnivið. Öryggi þeirra eflaðist og þar af leiðandi sjálfsmynd þeirra. Þau fengu tækifæri til að tjá sig í gegnum sköpun. Helstu ókostir voru plássleyfi til að vinna sum verkefni og að geyma verkefni sem þau gátu notað í frjálsum leik.

Styrkleikar:

- Kennslufnið Lubbi finnur málbein virkar vel og eru miklar framfarir hjá börnunum. Vel skipulagt námsefni. Sérstaklega á eldri barna deildum.
- Numicon er líka að virka vel í hópastarfi og vekur áhuga barnanna. Vel skipulagt námsefni.
- Skipulagt starf tengt frjálsri sköpun gekk mjög vel síðasta skólaár og öll börn fengu tíma með ákveðnum leikskólakennara einu sinni í viku. Þessi þáttur þarfnast endurskoðunar þar sem viðkomandi leikskólakennari er hættur.
- Þrátt fyrir mannekleu þá tókst starfsfólki að halda vel utan um grunnþætti starfsins.

Tækifæri til umbóta:

- Finna réttar leiðir til að nýta kennslufnið um Lubba á yngri barna deildum.
- Hafa skýr markmið og gott skipulag um hvert þema í mánuði á yngri barna deildum.
- Efla þekkingu starfsmanna á könnunarleiknum á yngri barna deildum og nýta í starfi með börnunum.
- Efla þekkingu starfsmanna á einingakubbum á öllum deildum. Efla þannig þennan þátt í starfi með börnunum.
- Efla starfsfólk deilda í frjálsri sköpun í vali og í frjálsum leik á deildum. Nýta þekkingu sem kom inn með viðkomandi leikskólakennara síðustu skólaár.
- Passa að allt starfsfólk fái undirbúningstíma og fræðslu til að sinna hinum ýmsum þáttum leikskólastarfsins.



Umbótaþættir Eldri deilda	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla þekkingu starfamanna á einingakubbum	Nýta einingakubbana á markvissan hátt í hópastarfi.	Fá inn námskeið í notkun einingakubba. Kynna okkur aðferðir annarra leikskóla.	Áramót 2019/2020 og út vorönn.	Leikskóla-stjórnendur og deildastjórar	Á deildarfundum og matsfundum eftir áramót.	
Nota Numicon kennslufni í frjálsum leik og vali á eldri deildum.	Að börnin geti nýtt hugmyndaflug og eigin sköpun með flottu kennslufni. Efla frjálsa sköpun.	Nota kennslufnið í vali ásamt öðrum efnivið. (blöðum, litum ofl.)	Haust 2019 í byrjun skólaárs og út skólaárið.	Deildarstjórar	Umræður á deildarfundum og matsfundum.	

Umbótaþættir yngri deilda	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<p>Hafa skýr markmið og leiðir í þema starfi</p>	<p>Að auðvelda starfsfólki að vinna eftir þeim markmiðum sem sett hafa verið með skýrum leiðum.</p>	<p>Vel skipulagt vettarstarf sem starfsfólk getur unnið eftir. Reglulega matsfundi til að ræða stöðu mála og samræma á milli deilda. Deila hugmyndum.</p>	<p>Á skipulagsdegi í upphafi skólaárs. Á reglulegum matsfundum og deildarfundum yfir skólaárið.</p>	<p>Deildastjórar yngri barna deilda</p>	<p>Á matsfundum, umræður og skráning starfsmanna.</p>	
<p>Nýta kennsluefnið um Lubba í daglegu starfi. Efla þannig mál og læsi yngri barna í leikskólanum.</p>	<p>Að kenna tákni og hreyfingar með hverjum staf. Syngja lög og gera hreyfingar með.</p>	<p>Leggja áherslu á stafatákni og hreyfingar í samverustundum og söngstundum. Reyna að fylgja staf vikunnar sem er á eldri deildum.</p>	<p>Að hausti í byrjun skólaárs.</p>	<p>Deildarstjórar og starfsfólk yngri deilda.</p>	<p>Á reglulegum matsfundum og deildarfundum.</p>	
<p>Efla könnunarleikin fyrir yngsta aldurshópinn.</p>	<p>Auka þekkingu starfsmanna á könnunarleiknum og endurskoða efnivið.</p>	<p>Skoða aðra leikskóla sem vinna með könnunarleikinn og finna/skoða efni til að lesa. Safna saman nýjum efnivið og nýta í hópastarfi</p>	<p>Að hausti í byrjun skólaárs</p>	<p>Leikskólastjóri og deildastjórar yngri barna deilda</p>	<p>Með skráningu hópstjóra og reglulegum matsfundum og deildarfundum.</p>	



Umbótaþættir Allar deildir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla starfsfólk allra deilda í frjálsri sköpun.	Að starfsfólk fái betri þekkingu á frjálsri sköpun með það að markmiði að börnin fái að rannsaka og skapa á eigin forsendum.	Kynna sér og nýta efnivið sem er til í leikskólanum út frá starfi leikskóla- kennara í sköpun síðustu ára.	Haut 2019 og út skólaárið.	Deildastjórar	Umræður á deildar- fundum og matsfundum .	
Allir starfsmenn fái undirbúning til að fræðast og undirbúa sitt starf með börnunum.	Að starfsfólk deilda verði öruggari í starfi sínum með börnunum.	Deildarstjóri finnur tíma til undirbúnings og leiðbeinir fólki með efni til að lesa og til að undirbúa hópastarf.	Haut 2019 og út skólaárið.	Leikskólastjóri og deildastjórar.	Með skráningu og umræðum á deildar- fundum.	



Menntastefnan - innleiðing – Félagsfærni og virkni barna og þátttaka.

Markmið

- Að efla börn í jákvæðum og árangursríkum samskiptum með því að taka umræðu með þeim um mikilvægi þess að skilja og þekkja tilfinningar sínar og annarra, ábyrgð í samskiptum og virðingu fyrir hverjum og einum.
- Að börnin séu virkir þátttakendur í uppbygginu á starfi leikskólans.
- Að veita starfsfólki skilning á mikilvægi þess að efla tilfinninga- og félagsfærni barna.
- Að starfsfólk sé samstíga í kennsluaðferðum og þar af leiðandi öruggt í samskiptum sínum við börnin.

Leiðir:

PBS hefur verið mjög umdeilt og oft á tíðum litið hornauga. Að okkar mati er margir jákvæðir hlutir í kennsluefni PBS sem hentar leikskólastarfi einstaklega vel og þá sérstaklega tilfinninga- og félagsfærni. Einnig er áherslan á jákvæð og skýr skilaboð með það að markmiði að börnin skilji hvað er ætlast til að þeim í stað þess að vera alltaf í neikvæðum skilaboðum, boðum og bönum. Með kennsluefninu er einnig gert ráð fyrir að mikil umræða fari fram með börnunum og að þau fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra.

- Við viljum endurskoða/endurhanna námsefnið PBS og gera það einfaldara fyrir börn og starfsfólk og með tilliti til menntastefnu Reykjavíkurborgar. Hafa reglulega og markvissa stundir með börnunum þar sem umræður snúast um málefni tengt vináttu, tilfinninga- og félagsfærni út frá kennsluaðferðum PBS.
- Við höfum einnig áhuga á að taka inn efni Barnaheillar um bangsann Blæ. En gildi þeirra kennslufræða geta nýst okkur í endurskoðun á þeim gildum sem við vinnum með út frá PBS. Gildin okkar út frá PBS eru öryggi, umhyggja og ábyrgð. Gildi vináttuverkefnis barnaheillar er umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Okkur langar að flétta þessum verkefnum saman og byggja upp gott umhverfi með áherslu á félagsfærni og vináttu með það að markmiði að styrkja börnin inn í samfélag framtíðarinnar.
- Við ætlum að virkja börnin í ákvörðunartöku á starfi leikskólans. Mikilvægt er að allt starfsfólk skilji réttindi barna og mikilvægi þess að þau geti haft áhrif á ýmsa þætti í þeirra lífi. Að



mikilvægt sé að styrkja þau á jákvæðan hátt út frá styrkleikum þeirra og bakgrunni svo þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Með þessu teljum við að við séum að tengjast aðaláherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem eru börnin, velferð og þarfir þeirra í nútíð og framtíð og á sama tíma um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt sé að tryggja börnum jöfn tækifæri og aðgang að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við hæfileika og áhuga þeirra. Að efla færni þeirra til að eiga í árangursríkum samskiptum, færni í að starfa saman og setja sig í spor annarra.

Tilgangur menntastefnunnar er að búa barn undir það að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda vinsemdar, friðar, gagnkvæmrar virðingar og mannréttinda. Leitast er við að rækta hæfileika, persónuleika og andlega og líkamlega getu hvers barns á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

3 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2019 og var mjög góð þátttaka meðal starfsmanna. Niðurstaða könnunar var mjög góð og höfðum við hækkað talsvert í öllum þáttum. Af fimm mögulegum var skorið að meðaltali 4.28. Þættir sem metnir voru eru:

- Hæfir og áhugasamir starfsmenn
- Árangursríkir stjórnunarhættir
- Starfsánægja
- Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Það sem hafði lækkað hvað mest var sú breyta að starfsfólk vill ekki takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag. Áform um sameiningu leikskólans við Hólaborg hafði örugglega mikil áhrif á svör starfsmanna við þessari spurningu. Einnig höfum við gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum sem líka gætu haft ákveðin áhrif. Aðrir hlutir eins og of mikið vinnuálag fékk lægstu töluna í matinu. Einnig töldu starfsmenn að yfirmaður hefði ekki verið nógu duglegur að ræða frammistöðu í starfi síðustu sex mánuði.

Styrkleikar:

- Góður starfsandi, gott jafnræði og jafnrétti og góð ímynd leikskólans.
- Starfsfólk ber traust til yfirmanns síns.
- Starfsfólk telur vinnustaðnum vel stjórnað.
- Starfsfólk er stolt af sínum vinnustað.



- Góð vinnuástaða.

Tækifæri til umbóta:

- Betra skipulag á starfsþróunarviðtölum þannig að þau gangi eftir og leikskólastjóri þarf að passa að þau detti ekki upp fyrir. Muna að hrósa þegar það á við og grípa tækifærið þegar það gefst.
- Bæta vinnálag með því að skipta börnunum í hópa, hafa verkefni við hæfi út frá aldri og þroska barnanna. Hafa ekki of mörg verkefni í gangi hverju sinni. Byggja á samvinnu milli deilda á álagstímum.

Könnun meðal foreldra var síðan gerð í mars síðastliðinn. Um 67% foreldra tóku þátt í könnuninni sem er nokkuð gott. Almenn ánægja er með starf leikskólans og fékk leikskólinn 4.50 af 5 mögulegum í könnuninni. Þeir þættir sem metnir voru var skipt í fjóra flokka en þeir eru:

- Barnið og leikskólastarfið
- Foreldrar og leikskólastarfið
- Stjórnun og stefna leikskólans
- Upplifun foreldra af leikskólanum

Það má finna marga góða styrkleika og flestir þættir skora í kringum 4.50. Foreldrar telja börn sín almennt ánægð í leikskólanum og að þau séu örugg. Þeir telja einnig að andrúmsloftið sé vingjarnlegt og að leikskólanum sé vel stjórnað. Þeir þættir sem þarf að bæta eru tengdir flokknum foreldrar og leikskólastarfið. Foreldrar telja sig ekki hafa nógu mikil áhrif á ákvarðanir um ýmsa hluti sem snúa að leikskólastarfinu. Það þarf að leita meira til foreldra eftir tillögum og hugmyndum tengdum leikskólastarfinu og eiga gagnkvæmar samræður um þroska og líðan barnanna í leikskólanum.

Einnig komu ábendingar um að upplýsingar um hvaða starfsfólk væru við störf í leikskólanum væru ekki sýnilegar í leikskólanum. Hvort sem talað er um heimasíðu eða á veggjum skólans.

Styrkleikar:

- Öryggi, ánægja og vellíðan foreldra og barna innan leikskólans.

Tækifæri til umbóta:

- Gera kannanir um ýmsa þætti í starfinu og gera foreldrum kleift að hafa áhrif á ákvarðanir.
- Endurskoða foreldraviðtöl sem eru tvisvar á ári með það í huga að veita foreldrum nægar upplýsingar um líðan og þroska barnanna.



- Hlusta á foreldra og bera virðingu fyrir þeirra áherslum í uppeldinu sem og að vera tilbúin að veita ráð.
- Setja inn myndir af starfsfólki á allar deildir. Stjórnendum og afleysingum líka. Setja einnig á heimasíðu.

Umbótaþættir Ytra mat- starfamannakö- nnun.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu- m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna- gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ræða meira við starfsmenn um frammistöðu þeirra í starfi	Að allir starfsmenn hafi tækifæri til að ræða sín mál í starfsþróunar- samtölum við yfirmann, hvort sem um er að ræða leikskólastjóra eða deildarstjóra.	Leikskólastjó- ri setur upp skipulag til lengri tíma til þess að allir starfsmenn hafi möguleika á starfs- þróunar- samtölum einu sinni yfir árið. Hluti starfamanna fer að hausti og hluti að vori. Einnig að deildar- stjórar taki sitt starfsfólk í viðtal einu	Skipuleggja í september og byrja viðtöl í október. (Leikskóla- stjóri) Deildastjórar taki sitt fólk á vorönn eða fyrir ef þörf er á.	Leikskólastjóri og deildarstjóri hverrar deildar.	Endurmat á skipulagsdegi í maí með könnun meðal starfsmanna.	



<p>Betri samvinnu á milli deilda, m.a. til að hjálpast að á álagstímum.</p>		<p>sinni á ári eða eftir þörfum til að þess að fara yfir framstöðu viðkomandi í starfi.</p>				
	<p>Auka samvinnu á milli deilda. Bæði til að samræma starf og til þess að styðja hver aðra á álagstímum.</p>	<p>Deildastjórar setja upp vinnuskiplag til þess að stuðla að samvinnu á milli deilda. Að starfsfólk deilda hittist meira með hóp barna og kynnist þannig á milli deilda. Að starfsfólk sé meðvitað um að hjálpast að á álagstímum þar sem þeir eru mismunandi eftir deildum.</p>	<p>Skipulagt á skipulagsdegi í september. Endurmat í janúar og maí 2020.</p>	<p>Deildastjórar allra deilda.</p>	<p>Deildarfundir og matsfundir í janúar og maí 2020.</p>	



Umbótaþættir Ytra mat- foreldrakönnun	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Setja upp myndir af starfsfólki á öllum deildum og á heimasíðu leikskólans	Að foreldrar þekki allt starfsfólk í sjón, hvort sem er um starfsfólk deilda að ræða, stjórnendur eða afleysingar.	Myndir teknar af starfsfólki á skipulagsdegi í september og settar upp í framhaldi. Einnig settar á heimasíðu leikskólans	Klárað í september 2019.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.	Fara reglulega yfir út skólaárið. Endurnýja myndir eftir þörfum.	
Gera foreldrum kleift að hafa áhrif á ýmsa þætti leikskólastarfsins	Auka áhrif foreldra á starf leikskólans.	Gera kannanir um ýmsa þætti í starfinu og gera foreldrum þannig kleift að hafa áhrif á ákvarðanir.	Haust 2019.	Leikskólastjóri	Foreldra-könnun.	



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða að hausti eða nánar tiltekið í nóvember. Leikskólastjóri og starfsfólk vinna eftir ákveðnum undirbúningsblöðum og ræða saman í samræmi við þau.

Öll námskeið og endurmenntun eru auglýst á kaffistofu leikskólans og stendur öllu starfsfólki til boða að skrá sig á námskeið, málþing og annað sem auglýst er eftir áhuga og þörfum. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með og leggja fram óskir.

Símenntun leikskólans í heild sinni verður á skipulagsdögum og á reglulegum fundum í leikskólanum. Skipulagsdagar hafa verið skipulagðir með það í huga og fyrirlesarar fengnir til að kynna sitt sérsvið.

Fyrirlestrar sem eru á áætlun fyrir næsta skólaár eru:

- Kynning á Barnasáttmálanum
- Klám og klámvæðing – kynjuð leikföng.
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Fyrirlestur frá KVAN um jákvæð samskipti og það að skapa liðsheild.
- Námskeið á vináttuverkefninu um Blæ.
- Dagur leikskólans - ekki komnar upplýsingar um efni.
- Námsferð starfsmanna – Er í skoðun.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar hefur verið með sama hætti undanfarin ár og verður engin breyting á því. Leik- og grunnskólakennarar funda að hausti og hefja þannig samstarfið það skólaárið. Á fundinum verða ræddar helstu áherslur í starfi beggja skólastiga og skipulag heimsóknna í hvorn skólann fyrir sig.

Ákveðið skilaskjal fylgir börnunum í grunnskólann að loknum leikskóla og eru skjölin afhent á skilafundi í lok maí hvert skólaár. Þau börn sem ekki fara í hverfisskólann fá skjölin með sér í viðkomandi skóla.

Elstu börn leikskólans fara í fjórar heimsóknir í grunnskólann og börnin í fyrsta bekk koma tvisvar í heimsókn í leikskólann. Leikskólabörnin fara í heimsókn í sal til að horfa á sýningu grunnskólabarnanna, í íþróttahúsið og taka þátt í íþróttum, fá kynningu á skólahúsnæði og leiksvæði og að lokum taka þau þátt í kennslustund. Þá fara börnin einnig í heimsókn í frístundaheimili grunnskólans. Þegar grunnskólabörnin koma í heimsókn í leikskólann taka þau þátt í starfi innandyra annað skiptið en utandyra í hitt skiptið.

Á síðasta skólaári fengu börnin í Suðurborg lánaða skólastofu í Hólabrekkuskóla aðra hverja viku til þess að kynast því hvernig það er að vera í grunnskóla. Börnin unnu verkefni ásamt leikskólakennurum, kynntu sér fataklefa, klósettaðstöðu og annað sem fylgir grunnskólanum. Þetta tókst vonum framan og teljum við að með þessu séu við að stuðla að auknu öryggi hjá börnunum þegar þau hefja svo sína grunnskólagöngu. Ákveðið var að halda þessu áfram á vorönn 2020.

6 Foreldrasamvinna

Í Suðurborg er starfandi foreldraráð og í því eiga sitja þrír fulltrúar. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins í



september/október ár hvert. Leikskólastjóri fundar með foreldraráðinu fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag, þar sitja fulltrúar frá hverri deild auk tveggja tengiliða frá leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði og heldur utan um ýmsar upptökur í leikskólanum.

Kynning á starfi vetrarins fer fram í foreldraviðtölum að hausti. Deildarstjórar bjóða hverju foreldri tíma og fara yfir áherslur vetrarins auk líðan barnsins í byrjun skólaárs. Allir foreldrar fá afhentan bækling um starf vetrarins. Kynningafundir hafa ekki borið árangur vegna dræmrar mætingu foreldra og því ætlum við að halda áfram með þessa leið.

Áætlað er að bjóða foreldrum í morgunkaffi eða síðdegiskaffi mánaðalega í vetur en auk þess verður hið árlega foreldrakaffi á aðventunni í byrjun desember. Þá verður foreldrum boðið uppá heimabakaðar piparkökur skreyttar af börnunum og heitt kakó. Foreldrar hafa einnig tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu upptökum sem leikskólinn býður uppá s.s. sveitaferð, opnu húsi og sumarhátíð.

Foreldraviðtöl verða í október og mars og geta foreldrar valið sér tíma á ákveðnum dögum. Í viðtalinu að hausti er farið yfir líðan barnanna í hópnum eftir aðlögun, hvort sem er inn í leikskólann eða á milli deilda auk kynningar á starfi vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að koma með sín viðhorf til leikskólastarfsins og þeirra áherslur í uppeldi barnsins.

Í viðtalinu að vori er farið yfir athuganir sem gerðar eru á þroska barnanna. Foreldraviðtal elstu barna að vori er í maí þar sem farið er yfir skilaskjöl sem fylgja börnunum í grunnskólann.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á ári og þrír af þeim eru á sama tíma og í öðrum leikskólum í hverfinu og grunnskólanum. Skipulagsdagar eru eins og hér segir:

6. september.

- Kynning á Barnasáttmálanum og undirbúningur að innleiðingu menntastefnu.
- Starfið skipulagt fyrir komandi skólaár.

4. október.

- Kynning á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. (Suðurborg, Hólaborg og Hraunborg)
- Klám og klámvæðing og kynjuð leikföng. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (Suðurborg, Hólaborg og Hraunborg)
- Fyrirlestur frá KVAN um jákvæð samskipti og það að skapa liðsheild. (allir leikskólar í Breiðholti saman)

½ dagur í nóvember.

- Vinna með félagsfærni – endurmat/endurgerð á öðrum hluta PBS

2. Janúar.

- Námskeið á vináttuverkefninu um Blæ. Huga að innleiðingu á vorönn.

7. febrúar.

- Dagur leikskólans – Fræðsla á vegum SFS
- Vinna með félagsfærni.

28. og 29. maí.

- Námsferð starfsmanna – hópefli

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	29	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3-4 þjálfar v/1.og2. flokkur Sérkennslustjóri málörvunar vegna barna utan 1. og 2. flokks	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já/Nei	Er í endurskoðun. Nýttum 3 hluta PBS sem snýr að snemmtækri íhlutun sem okkar áætlun.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já/Nei ekki allar áherslur	Starfsfólki deildarinnar eru kynntar þær áherslur sem verið er að vinna með hjá barninu í hópnum inni á deild – ekki endilega það sem fram fer í einstaklingsíhlutun.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já v/1.og2. flokks	Þarf að bæta við reglulegum teymisfundum vegna barna sem eru utan 1. og 2. flokks.



Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já Á reglulegum teymisfundum.	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir; Þjónustumiðstöð Breiðholts, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Æfingastöðina og ýmsa talmeinafræðinga.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	Um áherslur í starfi með viðkomandi barni.
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já Eftir þörfum	

Niðurstöður innra mats

Vel hefur gengið að sinna sérkennslu í Suðurborg síðasta skólaár fyrir þau börn sem eru í 1. og 2. flokk. Börn sem eru í atferlisþjálfun fengu sína þjálfun og hefur myndast gott teymi í kringum þjálfva í atferlisþjálfun. Reglulegir deildarfundir þjálfva hafa bætt skipulagið og upplýsingaflæði þeirra á milli. Reglulegir teymisfundir eru vegna barna í 1. og 2. flokk og taka foreldrar mikinn þátt í starfi og gerð einstaklingsnámskrá barna sinna.

Sérkennsla barna utan 1. og 2. flokks gekk vel fram að áramótum og var gott skipulag á hópa og einstaklings þjálfum barna með málþroskavanda. Eftir áramót gekk illa að sinna þessari þjálfun sökum manneklu. Tímar féllu niður og ekki tókst að klára málþroska skimun á öllum deildum leikskólans. Ekki hafa verið reglulegir teymisfundir vegna barna með málþroskavanda og hafa öll samskipti við foreldra farið fram í foreldraviðtölum við deildarstjóra sem hafa veitt foreldrum ráðgjöf vegna þjálfunar barna sinna. Foreldrar hafa ekki tekið þátt í gerð einstaklingsnámskrár og er ætlunin að bæta úr því með því að koma á reglulegum teymisfundum.

Styrkleikar:

- Gott skipulag, teymisvinna og upplýsingastreymi á milli þjálfva í atferlisþjálfun.
- Reglulegir teymisfundir og gott samstarf við foreldra um einstaklingsnámskrá barna í atferlisþjálfun.



- Gott skipulag á sérkenndu barna með málþroskavanda á haustönn. Hægt að byggja á því.
- Gott samstarf sérkenndustjóra við deildarstjóra um þjálfun barna hvort sem er í 1. og 2. flokk eða þau sem eru utan þess.

Tækifæri til úrbóta:

- Koma á reglulegum teymisfundum vegna barna utan 1. og 2. flokks.
- Vinna einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra barna utan 1. og 2. flokks.
- Efla sérkenndu vegna barna utan 1. og 2. flokks eftir erfiða vorönn 2019.

Umbótaþættir Sérkenndu	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Bæta samvinnu við foreldra barna í málörvun og eru utan 1. og 2. flokks.	Að auka samvinnu við foreldra um einstaklingsnám skrá barna utan 1. og 2. flokks, þannig að áherslur séu þær sömu heima og í leikskóla. Auka þannig ráðgjöf til viðkomandi foreldra.	Funda með foreldrum á tveggja mánaða fresti um áherslur í námi barnsins og við gerð einstaklings- námskrá.	Byrjar haust 2019. Endurmat í maí 2020.	Sérkenndustjóri	Gera könnun meðal foreldra og deildarstjóra í maí 2020.	Markvissara starf með börnunum í samvinnu við foreldra. Skráning sérkenndu- stjóra.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Setja upp gott skipulag til að vinna eftir skólaárið 2019-2020	Að bæta starf í kringum sérkennslu barna utan 1. og 2. flokks.	Setja upp nýtt skipulag en byggja á grunni sem var nýttur að hausti 2019	Setja upp nýtt skipulag ásamt nýjum sérkennslustjóra í október 2019 í samvinnu við deildarstjóra	Aðstoðarleikskólastjóri ásamt nýjum sérkennslustjóra	Endurmat fer fram á matsfundi í janúar 2020 og svo í maí 2020	Skráning sérkennslustjóra og deildarstjóra



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Mál og læsi verkefni, málörvun í öllum athöfnum. Sjónrænt dagskipulag. Samskiptabók milli heimilis og leikskóla.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Lesum bækur, segjum sögur og skoðum einstök orð og kennum. Notum orðaspjall og Lubbi finnur málbein.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Við vinnum markvisst með orðaspjall. Skoðum orðin og sýnum myndir.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Við notum skimanir eins og Efi 2 og Hljóm 2. Notum 10 mín. regluna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	já	Við vinnum í litlum hópum til að geta gefið þeim góðan tíma til að hlusta og spyrja og æfa sig. Notum stundirnar vel, vinnum með hljóðkerfisvitund. Við erum búin að merkja hluti í leikstofunum og alla leikfangakassa, svo ritmálið er sýnilegt. Vinnum með félagsfærni og nýtum PBS kennsluefnið t.d. Simma skjaldböku, tilfinningarnar og erum með myndir sem sýna lausnir í ákveðnum aðstæðum.



Niðurstöður innra mats

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku er í höndum hvefrrar deildar fyrir sig. Deildastjóri viðkomandi deildar skipuleggur starfið og áherslur út frá sínum barnahóp. Starfsmenn deildarinnar vinna í samráði við sérkennslustjóra og ákveðins starfsmanns sem heldur utan um málörvun barna með annað móðurmál. Lögð er áhersla á að öll börn fái stuðning við hæfi út frá þroska og getu. Í ár var sérstök áhersla á að brúa bilið hjá pólskumælandi börnum. Þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár og oftar en ekki geta þau notað sitt móðurmál í samskiptum við önnur börn og jafnvel starfsmenn. Þetta verður til þess að framfarir í íslensku verða oft á tíðum litlar. Flest pólskumælandi börn fengu því auka málörvun á pólsku og íslensku með það að markmiði að brúa bilið á milli tungumálanna.

Styrkleikar í starfi:

- Börnin fengu tækifæri til að tjá upplifun sína á sínu tungumáli sem og að æfa íslenskt mál.
- Börnin voru öruggari að tjá sig í litlum hópum. Fengu aukið sjálfstraust til að tjá sig í stærri hópum.
- Auðveldara að leiðrétta misskilning þar sem þau gátu tjáð sig á sínu tungumáli auk íslensku.
- Aukinn skilningur á því sem var verið að gera á deildum (ýmis verkefni).
- Betri orðaforði, málfræði og hlustun á báðum tungumálum.

Tækifæri til umbóta:

- Þrátt fyrir skipulag á tímum þá áttu tímarnir til að detta niður þar sem börnin voru komin í önnur verkefni. Mikilvægt að börnin fái sinn tíma og að þeir detti ekki upp fyrir. Æfingin skapar meistarann.
- Fleiri tíma og jafnvel minni hópa. Skoða í endurmati janúar 2020.
- Gott er að gera lista yfir bækur sem er verið að lesa fyrir börnin svo sá aðili sem er að sinna málörvun geti gefið sér tíma til að lesa og útskýra í minni hópum. Einnig er möguleiki á að sagan sé til á tungumáli viðkomandi barns og foreldrar geta lesið heima (t.d í vikunni sem er tileinkuð ævintýrum).



Umbótaþættir í málörvun barna með annað móðurmál.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Halda þeim tímum sem settir hafa verið upp fyrir málörvun.	Að börn fái þann tíma sem þeim hefur verið úthlutað	Setja upp gott skipulag á málörvunarhópum í samráði við hverja deild fyrir sig. Gera alla meðvitaða um skipulagið og virða það.	Skipulag gert í september 2019 Endurmat í janúar 2020 og maí 2020	Sérkennslustjóri málörvunar og deildarstjóri viðkomandi deildar.	Matið fer fram á matsfundi í janúar og í maí.	Skráning aðila sem heldur utan um málörvun barna af erlendum uppruna.



Umbótaþættir í málörvun barna með annað móðurmál.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Búa til lista yfir þær bækur sem lesnar eru fyrir börnin á deildinni	Að annað starfsfólk og foreldrar geti nýtt sér sögurnar til þess auka skilning hjá börnunum. Bæði heima fyrir og í málörvunartímum.	Búa til lista um ákveðnar bækur sem eru nýttar í ákveðinn verkefni.	Október 2019 og endurmeta í janúar 2020	Deildarstjórar	Matið fer fram á matsfundum í janúar. Umræður Gera jafnvel könnun meðal foreldra hvort þeir hafi nýtt sér listann.	



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020 Leikskólinn Suðurborg

Umsögn á starfsáætlun Suðurborgar 2019-2020

Það er ánægjulegt að lesa yfir starfsáætlun leikskólans Suðurborgar þar sem fagleg markmið blandast vel við umönnunarleg sjónarmið með það að leiðarljósi að efla börnin okkar í lærdómi og félagslegum samskiptum.

Það er greinilegt á starfsáætlun að eftir erfiðan vetur og vor þetta árið á að taka leikskóla starfið föstum tókum og koma þeim góðu verkefnum sem voru í gangi á betra skrið. Þrátt fyrir missi á dýrmætum starfskrafti skilur hún greinileg spor eftir sig sem munu nýtast vel í starfinu þennan vetur. Það er metnaðarfullt að og jákvætt að reyna að fá börnin til að hafa áhrif á leikskólastarfið, það er hvetjandi fyrir alla einstaklinga að upplifa að viðkomandi hafi einhverja stjórn á eigin umhverfi, að rödd hvers og eins fái hljómgrunn, þó að kröfurnar gætu orðið ansi háfleygar. ÞBS virkar vel að mínu mati þar sem verið er að kasta ljósi á þá jákvæða í fari hvers og eins og mættum við öll hafa það í huga í okkar daglegu samskiptum, það væri efni til umhugsunar að bjóða foreldrum á létta yfirferð í þeim aðferðum sem notaðar eru, umbreyting á samskiptum úr neikvæðni yfir í jákvæðni og hvernig væri hægt að ýta betur undir þennan samskiptamáta heima fyrir. Ég sé að samstarfsverkefni með aðilum utan leikskólans halda áfram, þau hafa gefið góða raun og börnin eru ánægð með það.

Ný viðbygging hefur bætt aðstöðu starfsmanna til undirbúnings á starfinu og nú er hægt að taka kaffi og matarhlé í rýmra og afslappaðra umhverfi. Það er gleðiefni að starfsmannakönnun kom vel út og upplifa foreldrar ánægju og stöðugleika starfsmanna á viðmóti og atgervi barnanna gagnvart leikskólanum sínum. Ég hlakka til að fylgjast með og fá að taka þátt í starfi vetrarins.

Virðingafyllt
fyrir hönd Foreldraráðs
Sæunn Hrund Björnsdóttir

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sæunn Hrund Björnsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Margrét Ósk Hjartardóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 S		1 M		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	Annar í hvítasunnu	1 M	
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M	Jólasöngstund kl:9:15	2 F	Skipulagsdagur	2 S		2 M		2 F		2 L		2 Þ	Sumarval í útiveru	2 F	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ	Jólasöngstund kl:9:15	3 F		3 M		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	
4 S		4 M		4 F	Skipulagsdagur	4 M		4 M	Jólasöngstund kl:9:15	4 L		4 Þ		4 M		4 L		4 M		4 F	Sumarval í útiveru	4 L	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Jólapeysudagur	5 S		5 M		5 F		5 S	Pálmasunnudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 Þ		6 F	Skipulagsdagur	6 S		6 M		6 F	Jólasöngstund kl:9:15	6 M	Brettándinn Syngjum út jólin	6 F	Dagur leikskólans Listasýning utan dyra	6 F		6 M		6 M		6 L		6 M	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ	S	7 F	Leikskólaráðstefnan stærðfræðinnar	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 S		8 M		8 F	Sveitaferð á vegum foreldrafélagsins	8 M		8 M	
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M	Jólasöngstund kl:9:15	9 F		9 S		9 M	Foreldraviðtöl	9 F	Skírdagur	9 L		9 Þ	Sumarval í útiveru	9 F	
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ	Jólasöngstund kl:9:15 Kirkjuferð kl: 10	10 F		10 M		10 Þ	Foreldraviðtöl	10 F	Föstudagurinn langi	10 S		10 M		10 F	
11 S		11 M		11 F	Námskeiðsdagur leikskólas	11 M		11 M	Jólasöngstund kl:9:15	11 L		11 Þ	Vasaljósadagur	11 M	Foreldraviðtöl	11 L		11 M		11 F	Sumarval í útiveru	11 L	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F	Jólasöngstund kl:9:15 Jólahúfundagur	12 S		12 M		12 F	Foreldraviðtöl	12 S	Páskadagur	12 Þ		12 F		12 S	
13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 F	2015 börn skreyta tréð	13 M		13 F		13 F	Foreldraviðtöl	13 M	Annar í páskum	13 M		13 L		13 M	
14 M	samráð leikskólastjóra	14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 L		14 Þ		14 F	Útskriftarferð í Vatnaskóg	14 S		14 Þ	
15 F		15 S		15 Þ		15 F	Bókadagur	15 S		15 M	samráð leikskólastjóra	15 L		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	samráð leikskólastjóra	16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 M	Foreldraviðtöl	16 F		16 L		16 Þ	Sumarval í útiveru	16 F	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ	Jólaball, yngri kl.10, eldri kl.13:30 Aðventukaffi kl:14:45	17 F	Leikfangadagur	17 M		17 Þ	Foreldraviðtöl	17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 S		18 M	samráð leikskólastjóra	18 F		18 M	Piparkökubakstur	18 M	samráð leikskólastjóra	18 L		18 Þ		18 M	samráð leikskólastjóra Foreldraviðtöl	18 L		18 M		18 F	Sumarval í útiveru	18 L	
19 M		19 F		19 L		19 Þ	Piparkökubakstur	19 F		19 S		19 M	samráð leikskólastjóra	19 F	Foreldraviðtöl	19 S		19 Þ		19 F	Sumarhátíð leikskólans í samstarfi við foreldrafélagið	19 S	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	Piparkökubakstur Dagur Mannréttinda barna	20 F		20 M		20 F		20 F	Foreldraviðtöl	20 M		20 M	samráð leikskólastjóra	20 L		20 M	
21 M		21 L		21 M		21 F	Piparkökubakstur	21 L		21 Þ		21 F	Konudagskaffi	21 L		21 Þ	Barnmenningarhátíð	21 F	Uppstigningardagur	21 S		21 Þ	
22 F	Leikskólastjórafundur	22 S		22 Þ		22 F	Piparkökubakstur	22 S		22 M		22 L		22 S		22 M	samráð leikskólastjóra Barnmenningarhátíð	22 F		22 M		22 M	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa	23 F	Leikskólastjórafundur	23 S	Konudagur	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti Barnmenningarhátíð	23 L		23 Þ		23 F	
24 L		24 Þ		24 F		24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Bóndadagur Þorralbiót Bóndadagskaffi	24 M	Bolludagur	24 Þ		24 F	Barnmenningarhátíð	24 S		24 M		24 F	
25 S		25 M		25 F	Bangsadagur	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Sprengidagur	25 M		25 L	Barnmenningarhátíð	25 M		25 F	Leikskólastjórafundur	25 L	
26 M		26 F	Leikskólastjórafundur Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ	Jólafundur með foreldrum kl:14:45	26 F	Annar í jólum	26 S		26 M	Öskudagur Öskudagsball yngri kl:10, eldri kl:13:30	26 F	Leikskólastjórafundur	26 S	Barnmenningarhátíð	26 Þ	Útskriftarveisla 15-17	26 F		26 S	
27 Þ		27 F	Leikfangadagur	27 S		27 M		27 F		27 M		27 F	Leikskólastjórafundur	27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 M		28 L		28 M		28 F	Leikskólastjórafundur	28 L		28 Þ		28 F		28 L		28 Þ		28 F	Leikskólastjórafundur	28 S		28 Þ	
29 F		29 S		29 Þ		29 F	Jólafundur með stjórnendum	29 S		29 M		29 L		29 S		29 M		29 F	Hattadagur	29 M		29 M	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M		30 F				30 M		30 F	Leikskólastjórafundur	30 L		30 Þ		30 F	
31 L				31 F	Leikskólastjórafundur			31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 Þ				31 S	Hvítasunnudagur			31 F	